


Léttkort

11.02.2025

Léttkort Pay er ný tegund greiðslukorts sem býður upp á aukinn sveigjanleika, því þú stjórnar ferðinni og greiðir niður eins og þér hentar! Kortið er gefið út af Mastercard og því má nýta það hjá yfir 29 milljónum söluaðila um allan heim.

Sækja um Léttkort



Þú getur sótt Léttkortið á nokkrum mínútum í Síminn Pay appinu!

- Náðu í [Síminn Pay](#) appið og skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum.
- Smelltu á **Meira** í valmyndinni neðst.
- Veldu **Veski**.
- Smelltu á **Plús (+)** merkið í efra-hægra horninu til að bæta við korti.
- Veldu **Síminn Pay Léttkort**.

Hér þarftu að gefa leyfa til að framkvæma **Lánshæfismat** og fylla út **Áreiðanleikakönnun**, en þessar upplýsingar eru notaðar til að ákveða hvort þú getir fengið Léttkort og hver hámarks heimildin þín verður.



Var umsókninni hafnað?

Síminn Pay notar upplýsingar frá Creditinfo til að ákvarða lánshæfi og við breytum ekki einstaka heimildum. Ef þú telur að við höfum gert mistök við útreikninginn getur þú sent okkur póst á netfangið siminn@siminn.is.

Ef umsóknin er samþykkt þarftu næst að stilla **greiðsluhlutfallið** þitt, en það getur verið allt frá 5% og upp í 100%. Þú getur lesið [meira um greiðsluhlutfallið](#) hér fyrir neðan.

Næst færð þú val um að virkja ýmsar **aukaþjónustur Léttkortsins**, eins og Vildarpunkta eða ferðatryggingu. Veldu þær sem henta þér best, en engin þeirra er nauðsynleg til að nota Léttkortið.

Að lokum bætir þú Léttkortinu í stafræna veskið þitt og þá er það tilbúið til notkunar!



Léttkortið er sveigjanlegt!

Þú getur uppfært greiðsluhlutfall og viðbótarþjónustur Léttkortsins hvenær sem er!

Léttkortid í appinu

Þegar þú hefur sett upp Léttkortid getur þú valið **Léttkort** á forsíðu *Síminn Pay* appsins til að athugað stöðuna á því og komast í helstu stillingar:

- **Til ráðstöfunar** er eftirstandandi heimildin á Léttkortinu þínu. Heimildin er samnýtt á milli Léttkortsins og Léttkaupa, þannig að útstandandi lán á öðru þeirra hefur áhrif á heimild hins.
- **Til greiðslu** er upphæðin sem þú kemur til með að greiða á næsta reikningi. Upphæð til greiðslu er reiknuð út frá útstandandi láni og greiðsluhlutfalli Léttkortsins.
- **Sjá kortanúmer** sýnir þér kortanúmer, gildistíma og CVC númer Léttkortsins.
- **Skoða reikninga** sýnir þér alla útgefna reikninga fyrir Léttkortid þitt.
- **Sjá færsluyfirlit** sýnir þér lista yfir allt sem þú hefur greitt með Léttkortinu, skipt niður á kortatímabil.
- **Öryggi** inniheldur stillingar til að loka fyrir notkun Léttkortsins í netverslunum eða frysta alla notkun samstundis.



Grunsamlegar færslur?


Ef þig grunar að kortaupplýsingunum þínum hafi verið stolið skaltu frysta kortid og senda okkur póst á siminn@siminn.is.

Greiðsluhlutfall

Léttkortid býður upp á sveigjanlegar greiðslur, þar sem þú stýrir ferðinni og greiðir niður eins og þér hentar hver mánaðamót. Þú getur stillt greiðsluhlutfallið þitt á allt frá 5% upp í 100% í hverjum mánuði og greiðir þá það hlutfall af heildar láninu þínu.

Gunnar verslar fyrir 100.000 kr. með Léttkortinu og stillir 5% greiðsluhlutfall og greiðir því 5.000 kr. af láninu sínu auk kostnaðar um næstu mánaðamót. Ef Gunnar verslar ekkert meira með Léttkortinu næsta mánuð greiðir hann 4.750 kr. auk kostnaðar mánaðmótin þar á eftir, eða 5% af 95.000 kr.

Hvernig breyti ég greiðsluhlutfallinu?



Þú getur breytt greiðsluhlutfallinu þínu í *Síminn Pay* appinu.

- Veldu **Léttkort** á forsíðu *Síminn Pay* appsins.
- Veldu **tannhjólíð** í efra-hægra horninu.
- Veldu **Greiðsluhlutfall höfuðstóls** undir *Annað* í listanum.
- Stilltu nýtt greiðsluhlutfall og veldu **Staðfesta**.



Breytingar um mánaðamót

Þú getur breytt greiðsluhlutfalli reiknings allt að þremur dögum fyrir mánaðamót. Eftir það mun breytingin á greiðsluhlutfallinu gilda um næsta reikning þar á eftir.

Aukaþjónustur

Léttkortíð býður upp á ýmsar aukaþjónustur sem þú getur kveikt og slökkt á eins og hentar í hverjum mánuði.

Vildarvinur	Sem Vildarvinur greiðir þú engin þjónustugjöld í <i>Síminn Pay</i> appinu og færð aðgang að fjölda tilboða hjá Símanum og öðrum samstarfsaðilum.
Vildarpunktur Icelandair	Safnaðu Vildarpunktum Icelandair þegar þú greiðir með Léttkortinu.
Ferðatrygging	Víðtæk ferðatrygging í samstarfi við VÍS sem þú getur keypt aðeins þá mánuði sem þú ferðast, frekar en allt árið. Þú finnur nánari upplýsingar um ferðatrygginguna á vef VÍS
Ekkert gengisálag	Greiddu með erlendum gjaldmiðli án gengisálags, hvort sem það er erlendis eða í netverslun. Flest kreditkort rukka 2,5% gengisálag fyrir allar færslur í erlendum gjaldmiðli.

Hvernig stilli ég aukaþjónustur?

Þú getur uppfært aukaþjónusturnar þínar hvenær sem er í *Síminn Pay* appinu.

- Veldu **Léttkort** á forsíðu *Síminn Pay* appsins.
- Veldu **tannhjólíð** í efra-hægra horninu.
- Veldu þjónustuna sem þú vilt breyta undir *Aukaþjónustur* í listanum.

Bæta Léttkortinu í stafrænt veski

Ef þú þarft að bæta Léttkortinu aftur í stafræna veskið þitt getur þú fylgt þessum skrefum:

- Veldu **Léttkort** á forsíðu *Síminn Pay* appsins.
- Veldu **tannhjólíð** í efra-hægra horninu.
- Veldu **Bæta korti við Apple/Google Wallet** efst í listanum.
- Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu þínu til að setja kortið upp.



Athugaðu!

Þú getur ekki bætt Léttkortinu í veskið þitt með því að handstimpla inn kortaupplýsingarnar í stafræna veskið þitt.

